

NESJAVALLAVIRKJUN, BREYTT AFMÖRKUN BORSVÆÐA OG NIÐURRENNSLISSVÆÐIS

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að breytt afmörkun borsvæða og niðurrennsliðssvæðis Nesjavallavirkjunar, Grímsnes- og Grafningshreppi, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmda- og byggingarleyfi Grímsnes- og Grafningshrepps skv. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem kann að hafa í för með sér mengun. Athygli er vakin á að framkvæmda- og byggingarleyfi þurfa að vera í samræmi við deiliskipulag.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Orkuveita Reykjavíkur og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á áðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 2. október 2009.

INNGANGUR

Þann 23. júlí 2009 tilkynnti Orkuveita Reykjavíkur breytingar á afmörkun borsvæða og niðurrennsliðs Nesjavallavirkjunar til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Grímsnes- og Grafningshrepps, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Grímsnes- og Grafningshreppi með tölvubréfi dags. 20. ágúst 2009, Orkustofnun með bréfi dags. 5. ágúst 2009, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 18. ágúst 2009 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 21. ágúst 2009.

Frekari upplýsingar bárust frá Orkuveitu Reykjavíkur með bréfi dags. 25. ágúst 2009.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fyrirhuguð framkvæmd felst í breytingu á niðurrennsliðsveitu og breytingu á borsvæðum. Einnig verður kæliturn stækkaður um þriðjung úr um 600 m² í 900 m².

Tilgangur með breytingum á niðurrennsliðsveitu sé að gera mögulegt að dæla affallsvatni frá virkjuninni niður í neðri grunnvatnslög eða jarðhitageyminn og draga með því úr áhrifum förgunar affallsvatns á umhverfið. Breyting á afmörkun nokkurra borsvæða sé gerð til þess að unnt verði að bora þar vinnsluholur, sem fjallað hafi verið um við mat á umhverfisáhrifum stækkunar virkjunarinnar úr 90 í 120 Mwe árið 2002.

Breyting á niðurrennsliðsveitu. Svæði fyrir niðurrennsliðsveitu norðan stöðvarhússins verður stækkað úr 5860 m² í 227.257 m² og þar er stefnt að því að koma öllu skilju- og þéttivatni niður sem nú er samtals um 500 l/s. Fyrirhuguð er að bora þar a.m.k. þrjár niðurrennsliðsholur til viðbótar.

Bygginga- og framkvæmdasvæði virkjunarinnar verður stækkað til norðurs til að ná yfir niðurgrafinn fjölliðunargeymi fyrir skiljuvatn, ásamt lögn að niðurrennsliðsholu NN3. Svæðið var áður 161.980 m² en verður 167.810 m². Stækkun kæliturns verður á nýjum byggingarreit 9946 m² sem er innan skilgreinds byggingarsvæðis orkuversins.

Áhrifa- og athafnasvæði við áður fyrirhugaða niðurrennsliðsveitu norðaustur af stöðvarhúsinu verður ekki nýtt.

Breyting á borsvæðum. Fram kemur að fyrirhuguð sé breyting á afmörkun fjögurra borsvæða en á þremur þeirra hafa þegar verið boraða vinnsluholur fyrir virkjunina.

1. Borsvæði við borplan NJ 11 verður stækkað úr 33.664 m² í 53.509 m² og nær þá utan um borplön NJ 23 og NJ 25.
2. Borsvæði í norðanverðum Henglinum við holu NJ 19 verður stækkað úr 4106 m² í 18.230 m².
3. Borsvæði vestan við holu NJ 14, NJ 20 og NJ27 verður stækkað úr 8749 m² í 23.920 m². Enn hafi ekki verið borað á þessu svæði.
4. Borsvæði vestan NG-6 og Nesjalaugargils verður breytt, það minnkað upp í brekku, en víkkað út að vegi á flötu landi. Svæðið minnki örlítið, var áður 49.320 m² en verði 49.149 m².

Áhrif á landslag og ásýnd. Fram kemur að borsvæði vestan við holu NJ 14, NJ 20 og NJ 27 verði stækkað þar sem talið sé að það muni valda minna raski að bora

vinnsluholur þar sem stækkunin sé afmörkuð, en á áður afmörkuðu svæði. Ekki hafi enn verið borað á þessu svæði. Borun og prófun vinnsluhola sé liður í rekstri Nesjavallavirkjunar og talið að breyting á borplönnum muni ekki hafa áhrif umfram það sem núverandi virkjun hafi.

Niðurrennslistsvæðið sé á þegar röskuðu landi og í nánd við helstu stöðvarhúsmannvirki á framkvæmdasvæði Nesjavallavirkjunar. Ekkert borholuhús verði byggt yfir niðurrennslistholurnar og gert sé ráð fyrir að lagnir að borholum fyrir affallsvatnið sem á að dæla niður verði niðurgrafnar. Talið sé að varanleg áhrif breytinga á niðurrennslistsvæðinu á landslag og ásýnd verði óveruleg.

Umhverfisáhrif framkvæmdar á landslag og ásýnd séu talin verða óveruleg.

Áhrif á jarðmyndanir. Fram kemur að fyrirhugaðar breytingar á byggingarreit séu á svæði sem hafi verið raskað að hluta og finnist engar jarðmyndarnir, sem njóti verndar. Berggrunnur á svæðunum sem muni fara undir stækkaða borteiga sé annars vegar móberg og hinsvegar 1100-7000 ára gamalt hraun. Niðurrennslistsvæði fyrir affallsvatn verði á svæði sem að mestu sé hulið möl.

Umhverfisáhrif framkvæmdanna á jarðmyndanir séu talin verða óveruleg.

Áhrif á vatn. Fram kemur að gert sé ráð fyrir að halda áfram niðurrennslistilraunum og draga úr losun affallsvatns á yfirborði. Því sé um jákvæð umhverfisáhrif á yfirborðsvatn og efri grunnvatnslög að ræða og dragi úr líkum á áhrifum á grunnvatn sem streymir til Þingvallavatns og þar með minnki líkur á áhrifum á lífríki Þingvallavatns.

Þá kemur fram að með því að bæta einni einingu við kæliturn Nesjavallavirkjunar lækki enn frekar hitastig þess kælivatns sem losað verði frá virkjuninni í efri grunnvatnslög og dragi þannig úr hitastigshækkun grunnvatns sem m.a. kemur fram í eftirlitsborholum og köldu vatni frá dælustöð á Grámel. Stækkun kæliturns Nesjavallavirkjunar muni einnig bæta nýtingu hráorku úr jarðhitakerfinu þar sem eftir því sem hitastigið á kalda vatninu sé lægra verði auðveldara að halda eimsvalaþrýstingi á vélum 1-3 niðri sem hafi í för með sér minni gufunotkun.

Umhverfisáhrif framkvæmdanna á vatn séu talin verða jákvæð.

Áhrif á gróður. Fram kemur að á landi sem muni fara undir borteiga sé graslendi, mosagróður og lynnjóar en leitast verði við að halda raski í lágmarki og ganga frá jarðvegssárum með uppgræðslu eftir því sem við á. Fyrirhugað niðurrennslistsvæði sé á graslendi. Á borsvæðum og fyrirhuguðu niðurrennslistsvæði verði aldrei nema hluti svæðanna fyrir áhrifum af mannvirkjum. Engar sjaldgæfar háplöntur séu þekktar á svæðinu. Byggingarreitur kæliturns sé á lítt eða ógrónu landi.

Umhverfisáhrif framkvæmdanna á gróður séu talin verða óveruleg.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að búið sé að auglýsa endurgert Aðalskipulag Grímsnes og Grafningshrepps 2008-2020 þar sem skilgreint sé iðnaðarsvæði til orkuvinnslu á Nesjavöllum. Fyrirhugaðar framkvæmdir falli innan þess svæðis. Framkvæmdin sé í samræmi endurskoðað deiliskipulag sem sé í kynningu.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Grímsnes- og Grafningshreppur, Orkustofnun og Umhverfisstofnun telja ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands telur verulegar upplýsingar um svæðið liggja fyrir í gögnum sem unnin hafi verið vegna mats á umhverfisáhrifum árin 2000 og 2001. Þrátt fyrir það þurfi að gera ítarlegri grein fyrir umhverfisáhrifum á vatn með tilliti til laga nr. 85/2005 um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess auk reglugerðar nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns. Framkvæmdirnar séu þess eðlis að þær skuli háðar mati á umhverfisáhrifum.

Í svörum Orkuveitu Reykjavíkur kemur meðal annars fram:

„Þær breytingar á afmörkun borsvæða og svæðis fyrir niðurrennslisholur við Nesjavallavirkjun sem hér eru til umfjöllunar breyta að mati Orkuveitunnar ekki niðurstöðu mats á heildaráhrifum virkjunarinnar. Áform um niðurrennsli skiljuvatns og þéttivatns og frekari kælingu fersks upphitaðs kælivatns, áður en það er losað í grunnvatn, eru í samræmi við það sem áður hefur verið kynnt. Um er að ræða mótvægisáðgerðir sem eru til þess ætlaðar að draga úr hita- og efnaáhrifum á vatn og minnka þannig líkur á áhrifum á lífríki Þingvallavatns af völdum losunar affallsvatns frá virkjuninni. Áætlað umfang og eðli framkvæmdarinnar munu ekki breytast og umhverfisáhrif Nesjavallavirkjunar á vatn munu ekki aukast við þessar breytingar.“

Bent er á það sem fram kemur í greinargerð með fyrirspurn um matsskyldu að farm fari umfangsmikil vöktun og eftirlit með áhrifum Nesjavallavirkjunar á umhverfið. Áhrif niðurrennslis og kælturna séu þegar komin fram í lökkun hita í grunnvatni á afrennslissvæði virkjunarinnar. Jafnframt að áhrif niðurrennslis séu einnig komin fram og sýni mælingar í grunnvatni og við innrennsli í Þingvallavatn lökkun í styrk kísils. Orkuveita Reykjavíkur taki þátt í heildarvöktun Þingvallavatns m.a. í samstarfi við Umhverfisstofnun auk þess sem unnið sé eftir þeirri vöktunaráætlun varðandi Nesjavallavirkjun sem lýst er í matsskýrslu og fyrri greinargerð með fyrirspurn um matsskyldu. Þá bendir Orkuveitan á að samhliða matsskylduferlinu fari fram opinber kynning á tillögu að breytingu á deiliskipulagi orkuvinnslusvæðisins á Nesjavöllum ásamt umhverfisskýrslu, þar sem sömu breytingar séu kynntar. Almennungi hafi því gefist kostur á að kynna sér skipulagstillöguna og umhverfismat hennar og gera athugasemdir í deiliskipulagsferlinu.

Þá kemur fram að fyrirhugaðar breytingar á afmörkun borsvæða og svæðis fyrir niðurrennslisholur á Nesjavöllum séu í samræmi við 1., 3. og 4. gr. laga nr. 85/2005 um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess og séu því hvorki taldar hafa áhrif á vatn né lífríki Þingvallavatns. Ennfremur er bent á að fyrirhugaðar breytingar á afmörkun borsvæða og svæðis fyrir niðurrennslisholur á Nesjavöllum séu í samræmi 1., 6. og 19. gr. reglugerðar nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns og séu því hvorki taldar hafa áhrif á vatn né lífríki Þingvallavatns.

Orkustofnun bendir á að breytingar á borplönun hafi ekki áhrif á fjölda borhola sem þegar hafi verið kynntur við stækkun virkjunarinnar úr 90 í 120 MWe. Nýtt niðurrennslistsvæði tengist mjög jákvæðum breytingum á niðurrennslistveitu sem muni draga úr áhrifum förgunar affallsvatns á umhverfið, en mjög mikilvægt sé að draga úr varmamengun í efri lögum grunnvatns er falli til Þingvallavatns.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin telji jákvætt að einn framkvæmdarliðurinn feli í sér stækkun á verndarsvæði í Nesjalogargili. Einnig telji stofnunin jákvætt að stefnt sé að niðurdælingu alls skilju- og þéttivatns virkjunar í neðri grunnvatnslög eða jarðhitageyminn og *"draga með því úr áhrifum förgunar affallsvatns á umhverfið."* Að mati Umhverfisstofnunar séu ekki líkur á að umhverfisáhrif fyrirhugaðra breytinga á landslag, ásýnd, vatn og gróður verði veruleg og því sé framkvæmdin ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða framkvæmd sem felst í breytingu á niðurrennslisveitu og breytingu á borsvæðum. Einnig verði kæliturn stækkaður.

Svæði fyrir niðurrennslisveitu verði norðan stöðvarhússins og sé þar stefnt að því að koma öllu skilju- og þéttivatni niður sem nú sé samtals um 500 l/s.

Afmörkun fjögurra borsvæða sé breytt en á þremur þeirra hafi þegar verið boraðar vinnsluholur fyrir virkjunina. Borsvæði NJ 11 verði stækkað og nái þá utan um borplön NJ 23 og NJ 25, borsvæði NJ 19 verði stækkað, borsvæði vestan NG-6 og Nesjalogargils verði breytt og minnkað upp í brekku og borsvæði vestan við holu NJ 14, NJ 20 og NJ 27 stækkað, en ekki hefur enn verið borað á þessu svæði.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á landslag og ásýnd svæðisins, jarðmyndanir og gróður verði óveruleg.

Fram kemur í tilkynningu framkvæmdaraðila að niðurstöður vöktunar á grunnvatni og innrennsli í Þingvallavatn hafi sýnt að dregið hafi úr hita og efnamengun frá virkjuninni við það að förgun affallsvatns í neðri grunnvatnslög eða jarðhitageyminn, hefur verið aukin. Skipulagsstofnun telur fyrirhugaða tilfærslu og stækkun niðurrennslissvæðis lið í því að auka enn frekar förgun affallsvatns í neðri grunnvatnslög eða jarðhitageyminn, sem muni draga úr neikvæðum áhrifum virkjunarinnar á grunnvatn. Stofnunin telur að áhrif framkvæmdarinnar á grunnvatn verði jákvæð og í samræmi við það sem stofnunin hefur áður lagt áherslu á, það er í úrskurði árið 2001 um Nesjavallavirkjun áfnaga 4B, stækkun rafstöðvar úr 76 í 90 MWe og matsskylduákvörðun 2002 um stækkun Nesjavallavirkjunar úr 90 í 120 MWe.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Orkuveitu Reykjavíkur vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að breytt afmörkun borsvæða og niðurrennslisvæðis Nesjavallavirkjunar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmda- og byggingarleyfi Grímsnes- og Grafningshrepps skv. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem kann að hafa í för með sér mengun. Athygli er vakin á að framkvæmda- og byggingarleyfi þurfa að vera í samræmi við deiliskipulag.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Orkuveita Reykjavíkur og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 2. október 2009.

Rut Kristinsdóttir

Þóroddur F. Þóroddsson